

Reykjavík, 23. febrúar 2022

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fýsileikakönnun á merkingum kolefnisspors matvæla (þskj. 352 í 250. máli)

Hinn 25. janúar síðastliðinn var lögð fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar þess efnis að Alþingi álykti að fela matvælaráðherra að fylgja eftir skýrslu starfshóps um merkingar matvæla með sértækri úttekt á merkingum fyrir kolefnisspor matvæla. Er lagt til að gerð verði fýsileikakönnun á samræmdum merkingum á kolefnisspori matvæla, innlendra sem erlendra.

Þingsályktunartillagan hefur verið tekin til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu og þykir ástæða til að koma eftirgreindu á framfæri.

Í greinargerð tillögunnar er vísað til tillögu samráðshóps, *Betri merkingar matvæla*, frá 9. september 2020. Þar segir:

Í níundu tillögu skýrslunnar kemur fram að mikilvægt sé að halda áfram að hvetja til merkinga og að aðilum tengdum stjórnvöldum verði skylt að merkja vörur með þessum hætti. Einnig kemur fram að áfram þurfi að hvetja til merkinga og skapa jákvæða hvata. Þá er einnig bent á samhengið við áform stjórnvalda um kolefnishlutleysi og hvernig slíkar merkingar geti hjálpað neytendum að taka upplýstar ákvarðanir í samræmi við þau markmið. Af skýrslunni er ljóst að þegar eru til staðar aðferðir til að meta kolefnisspor matvæla. Slíkar merkingar eru mikilvægar fyrir neytendur sem vilja leggja sitt á vogarskálarnar þegar kemur að kolefnisspori matvæla.

Í þessu samhengi vilja samtökin benda á 1. tillögu samráðshópsins, þ.e. 1a og 1b. Merkingum matvæla má ýmsu tilliti ætla jákvæð áhrif. Má gera ráð fyrir að þær auki möguleika neytenda til vals á grundvelli viðeigandi forsendna auk þess sem slíkar merkingar geta auðveldað verslunum að skapa sér sérstöðu m.t.t. þarfa neytenda. Hins vegar er merkingarými á umbúðum, í verslunum, veitingastöðum og mötuneytum oft takmarkað, vinna við uppsetningu merkinga tímafrek og kostnaðarsöm auk þess sem ofgnótt upplýsinga þykir geta dregið úr upplýsingagildi. Að mati SVP voru tæknilausnir m.a. af þeim sökum meðal fyrstu tillagna samráðshópsins, og þar ekki síst 1b, er snýr að gagnalaug GS1 Ísland, enda mundu þær stuðla að hagræði og einfalda aðgang að samræmdum upplýsingum.

Í samræmi við breytingar á verslunarháttum og samskiptum vöruframleiðenda, birgja, verslana og neytenda hefði farið betur á að tæpt væri á því í greinargerð tillögunnar að könnun á fýsileika merkinga kolefnisspors matvæla ætti ekki síst að beinast að tæknilegri framsetningu upplýsinganna. Þykja t.d. orðin *merkingar á kolefnisspori gætu t.d. verið í formi einkunnagjafar, stigagjafar eða litakóða, en þær þurfa að byggjast á skýrum stöðlum og kröfum svo að*

neytendur geti í sjónhendingu áttað sig á kolefnisspori vöru jafnvel geta gefið til kynna að tæknilegar lausnir komi vart til álitá.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur